

Jóna Úslgerð

Um jafnréttismál.

Það er mikil umræða um jafnréttismál í þjóðfélaginu þessa dagana. Mér finnst það bæði gott og slæmt. Gott vegna þess að málið er á dagskrá og ýmsir þannig vaktir til umhusunar um stöðu þeirra mála hjá okkur. En slæmt vegna þess að það sýnir hversu skammt við erum á veg komin þegar jafnrétti kynja er annrs vegar. Eftir að hafa starfað með Kvinnalistanum í 8 ár er mér orðið tamara að tala um kvenfrelsi. Því í því felst jafnréttið og þar með full mannréttindi. Konur verða að hafa frelsi til að velja sér stað og stöðu í lífinu. En það eru í dag svo margar hindranir fyrir því hjá mörgum konum, ekki öllum sem betur fer. Þar skiptir launamisréttið miklu máli og enn eru ríkjandi hefðir svo sterkar að þær ætla konunni fyrst og fremst það hlutverk að hugsa um heimili og börn. Birtar eru skoðanakannanir því til stuðnings. Og þær skoðanakannanir hrista svo sannarlega upp í okkur öllum. En eins og ég sagði áðan það er gleðilegt að málið er á dagskrá og við verðum því að hamra járníð meðan það er heitt.

Ég lagði í haust fram tillögu í Bæjarstjórn hins nýja Ísafjarðarbæjar um það að gerð yrði úttekt á stöðu jafnréttismála hjá bænum og ráðinn jafnréttisfulltrúi til að vinna þá úttekt og síðan að því að bæta stöðuna. Því að sannfærð er ég um það að þar er mörgu ábótavant, og þarf ekki konnun til, hins vegar gott að hafa það svart á hvítu til staðfestingar.

Bæjarfulltrúar tóku því all misjafnlega, töldu sumir þessi mál í góðu lagi, en það mætti svo sem alltaf skoða málin öðru hvoru. En að ráða jafnréttisfulltrúa fékk nú ekki aldeilis miklar undirtektir og tillagan líklega verið felld, ef forseti bæjarstjórnar hefði ekki tekið þann kost að vísa henni án atkvæðagreiðslu til félagsmálaráðs. Það verð'ég þó að segja honum til hróss, að hann vildi ekki fella tillöguna opinberlega, en líklega verður hún svæfð í nefndinni.

Ég held að við verðum allar sem ein að halda þessum málum á lofti, nú er lag eins og sagt er. Við getum komið því að í kaffitímanum í vinnunni, í saumaklúbbnum og í fjölskylduboðum. Og ég tala nú ekki um að dreifa Veru, eða skrifa greinar í blöðin. Og í öllum bænum gleymið því ekki á heimilunum. Þar byrjar baráttan a.m.k. hjá þeim sem eldri eru. Og reyndar held ég að

allar konur verði sífellt að vera vakandi fyrir því að  
jafnrétti sé í reynd á heimilnu.